



**Sjávarútvegsnefnd Alþingis**

**Austurstræti 8 – 10**

**150 Reykjavík**

12. desember 2003

Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 428. mál, línuvílnun er eftirfarandi:

Landssamband smábátæigenda telur að frumvarpið endurspegli ekki loforð stjórnarflokkana um línuvílnun sem gefin voru fyrir kosningar. Á frumvarpinu eru alvarlegir gallar sem leiða til þess að LS getur ekki mælt með samþykkt þess.

Eftirtalin atriði gerir LS athugasemdir við:

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákveðið magn af þorski komi til ívinnunar – 3.375 tonn. Magninu er skipt niður á fjögur tímabil á árinu. LS hefur ætíð í baráttu sinni fyrir línuvílnun lagt til að afla sem kann að bætast við vegna hennar skuli ekki dregin frá útgefnum veiðheimildum.
2. Við yfirferð frumvarpsins sl. laugardag var gengið út frá því sem vísu að mistök hefðu átt sér stað við gerð þess. Hér er átt við það sem kemur fram í 3. gr. frumvarpsins og orðast svo: „Við línuveiðar dagróðrabáta **sem belta línu í landi** má landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra.“  
Nú er það ljóst að ekki var um mistök að ræða.  
Þetta ákvæði er gjörsamlega á skjön við umræðuna um línuvílnun og gengur mun lengra en samþykktir landsfundar og flokksþings stjórnarflokkanna, þar sem segir annars vegar að „línuvílnun til dagróðrabáta og hins vegar „línuvílnun til dagróðrabáta þar sem beitt er eða stokkað upp í landi“.

Landssamband smábátæigenda getur ekki samþykkt frumvarpið með svo þrönga skiigreiningu á því hverjir skuli njóta línuívilnunar. LS telur að nái línuívilnun ekki til uppstokkunar í landi og þar með báta sem róa með beitningatrekt, sé alls ekki verið að samþykkja þá línuívilnun sem kosningaloforð ríkisstjórnarflokkanna lutu að.


3. Í umræðunni um línuívilnun hefur ávallt verið gengið út frá því að allar tegundir yrðu innan línuívilnunar. LS harmar þá ákvörðun hstv. sjávarútvegsráðherra að einungis eru 3 tegundir felldar undir línuívilnun. LS hvetur sjávarútvegsnefnd til að breyta þessu þannig að hún nái einnig til karfa, keilu og löngu.
4. LS bendir á að sú prósentá hlutfélagið og stuðningsmenn línuívilnunar hafa lagt til grundvallar.
5. Frumvarpið gerir ráð fyrir að línuívilnun komi í stað byggðakvóta. LS mótmælir því harðlega enda í hrópandi ósamræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar: „auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrabáta með línu“.

Að lokum vill LS taka fram að það eru félaginu mikil vonbrigði að úrlausn á vanda sóknardagabáta sé ekki að finna í frumvarpinu. Það hefur margsinnis komið fram og er óumdeilt að veiðikerfi sem felur í sér 10% árlega sóknarskerðingu og telur nú aðeins 19 sóknardaga er alls óviðunandi. LS leggur þunga áherslu á að sjávarútvegsnefnd standi að breytingatillögu á frumvarpinu, þar sem sóknardagakerfi handfærabáta verði útfært á sambærilegan hátt og unnið hafði verið með í sjávarútvegsráðuneytinu í samvinnu við LS fyrr á þessu ári.

#### Virðingarfyllst



Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Arthur Bogason formaður